



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 7. maí 2019
1903060 JKH

00.36

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024, þingmál nr. 750.

Á 20. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 27. mars 2019 var fjallað um bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 15. mars 2019, varðandi áform um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er vísað til þess að í tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 er gert ráð fyrir að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði skert um 3,3 milljarða króna á næstu tveimur árum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þessum fyrirætlunum.

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs Suðurnesjabæjar um málið:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar vísar til bókunar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15. mars 2019 um málið og tekur undir hana. Bæjarráð gagnrýnir harðlega þau vinnubrögð sem ríkið viðhefur í þessu máli og alltof oft gagnvart sveitarfélögum varðandi fjárhagsleg samskipti þessara tveggja stjórnsýslustiga. Bæjarráð hvetur til eðlilegs samráðs og viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál sem og öll önnur sem varða tekjuskptingu ríkis og sveitarfélaga.

Framangreindri bókun bæjarráðs er hér með komið á framfæri við Alþingi.

Virðingarfyllt


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri Suðurnesjabæjar